

SAMÞYKKT**53**

11. apríl

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð fyrir Austur-Skaftafellssýslu,
nr. 9 5. febr. 1959.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist í upptalningu vega:

Í Hafnahreppi:

Vegur yfir víkina norðan Hafnarþorps.

Í Nesjahreppi:

Vegur frá brú á Hoffellsá að ferju á Hornafjarðarfljóti.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1960.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**54**

11. apríl

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Borgarneskaupþún, nr. 12 20. febr. 1930,
sbr. auglýsingu nr. 4 6. jan. 1948.

1. gr.

Öll skipagjöld samkvæmt reglugerðinni hækki um 100% og öll vörugjöld um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1960.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.